

## GJALDSKRÁ

**fyrir akstursþjónustu fyrir fatlað fólk í Múlaþingi.**

1. gr.

Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk er gjaldfrjáls frá kl. 8-17 alla virka daga í þéttbýliskjörnum Múlaþings.

2. gr.

Varðandi akstur sem er samþykktur á grundvelli 4. mgr. 7. gr. reglna Múlaþings um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, nr. 50/2022 er greitt á eftirfarandi hátt:

- a. Í dreifbýli er gjald fyrir hverja ferð kr. 311. Að hámarki er greitt fyrir 10 ferðir á viku.
- b. Varðandi sérstaka samninga sem Múlaþing gerir vegna akstursþjónustu við einstaklinga er tekið mið af útreikningum FÍB, <https://www.fib.is/is/billinn/rekstrarkostnadur> samkvæmt þeirra viðmiðunum eru greiddar kr. 81,29 á hvern ekinn km (flokkur A, B, C, D og E 1. lið).

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings 8. desember 2021 er sett með stoð í 29. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og öðlast þegar gildi.

*Egilsstöðum, 14. janúar 2022.*

**Björn Ingimarsson** sveitarstjóri.